

**486. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 28. maí 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Jónsson (ÁJ) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Gerður Björk Sveinsdóttir, Skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 1505060 - Lokun starfstöðvar Landsbankans á Tálknafirði

Sveitastjórn Tálknafjarðarhrepps mótmælir harðlega lokun útibús Landsbankans á Tálknafirði og vill minna stjórn Landsbankans á þau orð sem voru látin falla á fundi sem haldinn var á Patreksfirði fyrir ári síðan. Þá lýsti stjórn og bankastjóri yfir fullum vilja til að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem er í gangi hér í Tálknafirði.

Ljóst er að á meðan Landsbankinn lokar afgreiðslunni í nafni hagræðingar þá er verið skerða þjónustu og lífsgæði íbúanna á staðnum sem margir hverjir eru háðir því að þjónustan sé fyrir hendi. Þá eru það í meira lagi undarleg rök að lokunin sé gerð í hagræðingarskyni á sama tíma og bankinn skilar methagnaði ár eftir ár og greiðir milljarða í arð til ríkisins. Bankinn hefur ekki fært nein rök fyrir því að kostnaður við rekstur útibús á Tálknafirði sé umfram veltutekjur og þjónustugjöld viðskiptavina sinna á staðnum.

Með lokun útibús Landsbankans á staðnum hefur verið vegið að menntastörfum í firðinum og er það undarleg ákvörðun af hálfu ríkisfyrirtækis þar sem það er yfirlýst byggðastefna ríkistjórnarinnar að fjölga opinberum menntastörfum á landsbyggðinni.

Þá mun Tálknafjarðarhreppur leita allra leiða til þess að verja það þjónustu- og menntastig sem hefur verið í firðinum með hvaða móti sem er, þar sem auðsýnt er að þörfin er til staðar og mun einungis aukast með auknum umsvifum á svæðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.
